



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 26/2025

Brot Olís ehf. gegn ákvörðun Neytendastofu

I.

Málsmeðferð

1.

Með bréfi Neytendastofa til Olís ehf., dags. 23. maí 2025, vísaði stofnunin til upplýsinga sem stofnuninni hafði borist um notkun félagsins á fullyrðingu um kolefnisjöfnun. Umrædd fullyrðing birtist í smáforrit félagsins og var eftirfarandi:

„Kolefnisjafnaðu viðskipti þín. Þú borgar 2kr og við borgum 2kr á móti. 4kr af lítra renna til Landgræðslunnar í fjölbreytt kolefnisverkefni.“

Vísaði stofnunin í bréfi sínu til ákvörðunar stofnunarinnar í máli nr. 33/2024, *Fullyrðingar Olís ehf. um kolefnisjöfnun*. Ákvörðunarorð í ákvörðun Neytendastofu voru svofelld:

„Olís ehf., Skútuvogi 5, 104 Reykjavík, hefur með notkun fullyrðinganna „Við greiðum helming á móti – Kolefnisjafnaðu eldsneytisviðskiptin“ og „Olís kolefnisjafnar allan sinn rekstur“ í markaðs- og kynningarefni félagsins brotið gegn ákvæðum 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., a. og b. liðar 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.“

Neytendastofa vakti athygli á að ef um brot á ákvörðun Neytendastofu væri að ræða komi iðulega til skoðunar hvort beita þurfi sektum eða öðrum úrræðum samkvæmt IX. kafla laga nr. 57/2005.

2.

Svar Olís barst með bréfi, dags. 6. júní 2025. Í bréfinu kom fram að rétt sé að Olís hafi undir rekstri fyrra máls horfið frá notkun fullyrðinga um kolefnisjöfnun og í stað þess hafi verið vísað til kolefnisbindingar.

Fyrir nokkur hafi svo alfarið verið hætt að bjóða upp á þann möguleika að greiða fyrir kolefnisbindingu og allt efni því tengt tekið út af heimasíðunum olis.is og ob.is.



Þegar smáforrit eða Olís appið hafi verið sett á laggirnar í byrjun febrúar hafi þessi möguleiki þannig ekki verið fyrir hendi en vegna mistaka hafi láðst að yfirfara efni er varði kolefnisjöfnun. Í kjölfar bréfs Neytendastofu hafi umrætt efni verið fjarlægt og nú sé enga umfjöllun hvað þetta varði í umræddu smáforriti.

Með tölvupósti Neytendastofu, sendur 20. júní 2025, tilkynnti stofnunin Olís um að með hliðsjón af svarbréfi félagsins telji stofnunin að gagnaöflun málsins sé lokið og að það verði tekið til ákvörðunar stofnunarinnar.

II. Niðurstaða

Mál þetta lýtur að því hvort Olís ehf. hafi brotið gegn ákvörðun Neytendastofu nr. 33/2024. Með þeirri ákvörðun komst Neytendastofa að þeirri niðurstöðu að félagið hafi brotið gegn ákvæðum 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., a. og b. liðar 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 9 gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, með fullyrðingum um kolefnisjöfnun.

Fram hefur komið að Neytendastofa hafi fengið upplýsingar um að félagið hafi enn notast við fullyrðingu um kolefnisjöfnun og hefur félagið viðurkennt framangreint og upplýst um að um mistök hafi verið að ræða og að nú hafi verið horfið frá notkun umræddrar fullyrðingar.

Samkvæmt a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 getur Neytendastofa lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn ákvæðum laganna og reglum settum samkvæmt þeim, sbr. II. – V. kafla laganna. Samkvæmt b. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 getur Neytendastofa lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn stjórnvaldsreglum og ákvörðunum Neytendastofu gegn viðskiptaháttum sem brjóta í bága við ákvæði II.–VIII. kafla og fyrirmælum Neytendastofu, sbr. 21. gr. b.

Með vísan til alls framangreinds, þess að um ítrekað brot er að ræða sem og að teknu tilliti til þess að félagið hefur tekið úr notkun hina umdeildu fullyrðingu, fyrri ákvarðana stofnunarinnar og jafnræðis- og meðalhófsreglu stjórnsýslulaga telur Neytendastofa hæfilegt að leggja á Olís ehf. stjórnvaldssekt að fjárhæð 250.000 kr. (tvö hundruð og fimmtíu þúsund krónur).



III.

Ákvörðunarorð:

„Olís ehf., Skútuvogi 5, 104 Reykjavík, hefur brotið gegn ákvörðun Neytendastofu nr. 33/2024, *Fullyrðingar Olís ehf. um kolefnisjöfnun*, með notkun fullyrðingarinnar „Kolefnisjafnaðu viðskipti þín. Þú borgar 2kr og við borgum 2kr á móti. 4kr af lítra renna til Landgræðslunnar í fjölbreytt kolefnisverkefni.“ í markaðs- og kynningarefni félagsins.

Með heimild í a. og b. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Olís ehf. gert að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 250.000 kr. (tvö hundruð og fimmtíu þúsund krónur) vegna brotsins. Sektina skal greiða í ríkissjóð innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunarinnar.“

Neytendastofa, 29. júlí 2025

Þórunn Anna Árnadóttir
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir